

Ferð Starfsbrautar MÍ á söngkeppni starfsbrautanna sem haldin var á Akranesi

Við lögðum af stað frá Ísafirði fimmtudaginn 25. mars á 2 bílum. Rúnar, Guðjón, Gummi og Steinþór fóru á öðrum bílnum en Emilía og Viktoría voru í stelpubílnum. Fyrst stoppuðum við í Reykjanesi og fórum þar í sund í klukkutíma og fengum okkur að borða hamburgara. Síðan héldum við áfram og stoppuðum næst í Búðardal. Síðan lá leiðin á Skagann. Þegar við komum þangað fórum við í Fjölbrautarskólann og skoðuðum okkur um og fengum stofu númer 202 D til að skipta um föt. Fórum svo með töskurnar út í bíl og svo inn aftur og fengum miða á keppnina. Miðarnir okkar voru númeraðir frá 52 til 57 því þeir voru líka happdrættismiði. Okkur var svo vísað til borðs og fengum við lambakjöt, kartöflur og grænmeti að borða og svo var ís í eftirrétt. Næst steig á svið leynigestur en hann var Jónsi í Svörtum fötum. Síðan hófst söngkeppni. Hver skólinn á fætur öðrum steig á svið. Alls voru þarna 14 skólar en 12 af þeim tók þátt í söngkeppninni en 2 voru þarna til að fylgjast með, en þeir voru Menntaskólinn á Ísafirði og Menntaskóli Borgarfjarðar. Sigurvegari keppinnar var Fjölbrautarskólinn í Garðabæ en þau fluttu lagið „pokerface“ eftir Lady GaGa. Eftir söngvakeppnina var ball og allir dönsuðu og voru í rosa stuði og skemmtu sér konunglega. Ballið var búið klukkan 12 á miðnætti og þá var lagt að stað til Reykjavíkur, og allir sáttir við kvöldið. Þegar við komum þangað þurftum við að sækja lykil í Hátúnið af Melgerðinu í Kópavoginum þar sem við gistum. Stelpurnar fóru að sofa en strákarnir flökkðu milli sjónvarpsstöðva en fóru að sofa upp úr 2:30

Á föstudagsmorguninn vöktu stelpurnar strákanna klukkan 9. Gæða morgunmatur var snæddur á staðnum. Þá lá leiðin í „Kreppusundlaugina“ á Álftanesi þar sem við vorum ein í sundi. Þar nutum við þess að fara í heitu pottana. Einnig var farið í 85 metra langa rennibraut með diskóljósum og öllu. Einnig var þarna öldusundlaug sem við fórum öll í, og Viktoría varð sjóveik í henni. Eftir sundið fórum við í Kringluna og vorum þar í 1 og ½ tíma. Stelpurnar og Steinþór fóru að versla, Rúnar skrapp í Þroskahjálpi og Gummi og Guðjón fengu sér að borða. Seinna bættust stelpurnar við og fengu sér að borða. Eftir Kringluna fórum við í Keiluhöllina í keilu þar sem við skiptum okkur í 2 hópa. Guðjón, Rúnar og Steinþór voru í einum hópnum en Emilía, Viktoría og Gummi í hinum hópnum. Rúnar burstaði alla í keilunni felldi 6 sinnum allar keilurnar í fyrsta kasti. Gummi lenti í 2 sæti og Emilía í því þriðja. Eftir keiluna var haldið að stað heim. Það var stoppað í Búðardal í smá stund. Þegar í komum í Hólmavík var Guðjóni hent út en við hin héldum áfram. Steinþór svaf hluta leiðarinnar heim. Þegar við komum upp á Steingrímsfjarðarheiðina setti Rúnar diskinn meðhljómsveitinni Dikta í tækið. Upp á heiðinni var stórhrið og lentum við í smá umferðaróhappi. Bíll strákanna festist og bíll stelpnanna lenti flautandi aftan á bíl strákanna og festist líka. Við sáum blikkandi gul ljós í fjarska og var þar á ferð mokstursbíll frá Vegagerðinni sem var að moka heiðina og hann losaði báða bílana og þá gátum við haldið áfram ferðinni okkar til Ísafjarðar. Þar var öllum hent út hjá Menntaskólanum þar á meðal kennaranum líka.

Okkur fannst öllum rosalega gaman. Sérstaklega var gott að hafa Viktoríu með, því hún er bæði fyndin og skemmtileg. Okkur langar að fara aftur á næsta ári þegar stuttmyndakeppnin verður haldin og vonum við að við tökum þátt.

Takk fyrir okkur, Guðmundur Leó, Guðjón Hraunberg, Steinþór Örn og Emilía

